

Félagsmálafulltrúi hitti nemendaráð í ágústmánuði í fyrsta sinn til að fara yfir stöðu mála, fara yfir helstu verkefni og dagskrá. Á skólaárinu fundaði félagsmálafulltrúi með nemendaráði einu sinni í viku, en auk þess er undirrituð umsjónarkennari nemendaráðs hverju sinni og hittir hópinn í umsjónartíma. Í nemendaráði sátu: Karen Óskarsdóttir, formaður, Margrét Harpa Jónsdóttir, ritari, Sindri Snær Bjarnason, gjaldkeri, Andrea Björk Olgeirsdóttir, markaðsstjóri, Þuríður Marín Jónsdóttir, formaður leikfélags, Gunnar Karl Ólafsson, formaður ritráðs, Sara Árnadóttir, formaður íþróttaráðs, Þórunn Sara Guðbrandsdóttir, vefstjóri, Guðmundur Bjarnason, formaður tækjanefndar, Guðlaug I. Guðmundsdóttir, formaður skemmtinefndar og Grétar I. Guðmundsson, fulltrúi nýnema. Félagsmálafulltrúi sat einnig fundi forvarnarteymis og skólaráðs.

Einnig sótt félagsmálafulltrúi haust- og vorfundi forvarnarfulltrúa framahaldsskólanna, sem er góður vettvangur til að ræða saman og bera saman bækur.

Fyrsta verkefni vetrarins var að undirbúa nýnemadag, en á þeim degi fá nýnemar að hafa skólann útaf fyrir sig, fengu fræðslu um skipulag og þjónustu skólans og að auki stýrði nemendaráð ratleik og kynningu á félagslífi. Busavígsla var næst í röðinni og fór vel fram, en mælt er með að busunin fari næst fram nær skólahúsnæðinu til að koma í veg fyrir að fólk sé numið á brott.

Nemendaráð kom að undirbúningi fyrir 30 ára afmæli skólans í september sem tókst mjög vel.

Haldin voru 4 böll í vetur, busaball og Halloweenball fyrir áramót og árshátíð og lokaball eftir áramót. Tókust þau vel, en tap var á lokaballinu.

Söngkeppni skólans fór fram í nóvember og var metþátttaka, þar sem um 800 manns mættu í Iðu. Þemað þetta árið var „Allt fyrir ástina“. Gunnlaugur Bjarnason fór með sigur af hólmi og var skólanum til sóma í aðalkeppninni sem haldin var í aprílmánuði.

Undirbúningur fyrir leiksýningu skólaársins hófst fyrir áramót, en 4 nemendur skrifuðu saman söngleikinn Týpísk ástarsaga sem sýndur var í menningarsalnum í Hótel Selfossi. Leikstjóri var Kári Viðarsson. 17 leikendur tóku þátt í sýningunni, en alls tóku um 50 manns þátt í sýningunni. Sýndar voru 8 sýningar. Leikráð tók einnig þátt í að undirbúa skemmtiatriði fyrir söngkeppni og kvöldvökur.

Skólinn tók þátt í Gettu betur og Morfis. Gettu betur liðinu gekk mjög vel og fór alla leið í sjónvarpssal í 8 liða úrslit. Ein Morfiskeppni var haldin í skólanum, sem er gott, þar sem lítil hefð er fyrir þátttöku í Morfis. Vonandi fer sá áhugi vaxandi með meiri þátttöku.

Fjórar kvöldvökur voru haldnar á skólaárinu þar sem boðið var upp á fjölbreyttra dagskrá.

Kátir dagar og Flóafár fóru fram í lok febrúar og gekk sérstaklega Flóafárið vel, þar sem 5 lið tóku þátt. Sigur úr bítum bar lið sem nefndi sig Harry Potter. Skýrslur fulltrúa kennara í Kátudaga og Flóafársnefndum fylgja skýrslunni hér að neðan.

Tvö Nota Bene blöð kom út á skólaárinu, svokallað Busabene og Jólabene sem bæði voru smærri í sniðum en venjulegt er. Ritráð hóf vinnu við stærra Nota Bene eftir áramót, en tókst ekki að fylgja þeirri vinnu nægilega vel eftir.

Nokkrir íþróttaviðburðir voru haldnir á skólaárinu, tekið var þátt í Paintballmóti, haldið var FSu-mót í knattspyrnu, tekið var þátt í hestamótum, en einnig sá íþróttaráð um viðburði í miðvikudagsgötum.

Vefráð var duglegt að taka myndir af viðburðum og setja inn á vef nemendafélagsins og féisbúksiðu. Í fyrsta sinn voru teknar svokallaðar prom- myndir á árshátíð skólans.

### Lokaorð og hugleiðingar

Skólaárið fór vel af stað hjá nemendaráði, en fljótlega eftir áramót fór að halla undan fæti og kom fram viss þreyta hjá nemendaráði sem einkenndist af frestunaráráttu og framtaksleysi. Hópurinn náði ekki nógu vel saman og þrátt fyrir að í honum væru sterkir einstaklingar þá náðist ekki fram samtakamátturinn sem þarf til að reka nemendafélagið vel. Þetta leiddi til þess að upplýsingagjöf og ákvarðanatataka var ekki með besta móti. Þrátt fyrir einlægan vilja félagsmálafulltrúa til að hjálpa nemendaráði og gefa ráð, varð minna úr verki hjá félaginu og verkefnið ekki alltaf vel skipulögð eftir áramót. Má draga þá ályktun að stundum komi það einfaldlega fyrir að í nemendaráð raðist stundum saman hópur sem vinnur ekki vel saman, sama hversu mikið er reynt að láta hlutina ganga upp. Yfirsýn yfir fjármálin var ekki nægilega góð og hver í sínu horni að vinna.

Til að vinna á móti svona þróun hefur félagsmálafulltrúi sett saman upplýsingabækling fyrir nemendaráð þar sem hlutverk hvers og eins eru skilgreind og gefnar upplýsingar

um réttindi og skyldur hvers og eins. Er það von mín að þetta plaggs stuðli að betri vinnu.

Tekið skal fram að söngkeppnin tókst mjög vel, sem og Flóafár og árshátíð. Skólaböllin fóru að mestu leyti vel fram, þannig að margir viðburðir heppnuðust vel.

Annað sem hafa bæri í huga er að beina því til leikfélags nemendafélagsins að setja upp söngleiki annað hvert ár, þar sem kostnaður við söngleiki er mikill og þeir sem koma til greina í leik eru færri en ella, þar sem gerð er krafa um sönghæfileika.

Betur má ef duga skal og vonandi gengur nýju nemendaráði betur að skipuleggja sig og lærir af mistökum þeirra sem á undan hafa gengið. Allt fer þetta í hringi.

### Góðar stundir

Guðfinna Gunnarsdóttir  
Félagsmálafulltrúi

### Skýrsla Kátudaganefndar

Við undirrituð sátum nokkra fundi með Kátudaga-nefndinni sem Guðlaug Guðmundsdóttir var í forsvari fyrir. Nemendur höfðu mjög margar og góðar hugmyndir að því sem hægt væri að gera. Við vorum sammála um að byrja undirbúninginn nógu snemma og byrjuðum í janúar. Það voru að mestu 2 stúlkur í Kátudaga-nefndinni sem unnu mest alla vinnuna og áttu erfitt með að virkja strákana með sér. Við bendum á að það verða allir nemendur sem taka að sér að vera í Kátudaga-nefnd að vera með að fullu. Við urðum vör við skipulags- og undirbúningsleysi, þá sérstaklega í sambandi við morgunmatinn og lokahnykkinn. Hugmynd um að hafa fleiri í Kátudaga-nefnd eða jafnvel auglýsa eftir nemendum sem vilja taka þátt í undirbúningi og skipulagningu. Við viljum einnig benda á að það þarf að panta kynningar og fyrirlesara með góðum fyrirvara.

Kátudagapressan kom út með góðum fyrirvara, en kynning á henni hefði mátt vera meiri og betri. Það gafst ekki tími til að ritskoða hana og var í henni málfar sem fór fyrir brjóstið á sumum. Pressan, var eins og lagt var upp með, vel skipulögð og aðgengileg. Það var gott að finna í henni það sem var í boði og tímasetningar.

Nýjungar voru ekki margar fyrir utan að það var ákveðið að hafa lagakeppni fyrir nemendur. Hún fór vel af stað en varð frekar endasleppt. Það hefði mátt byrja fyrr að skipuleggja, kynna og fylgja henni betur eftir. Allir sem komu að þessari keppni voru jákvæðir, bæði nemendur, kennarar, fyrirtæki og Hollvarðasamtökin. Við mælum með að þessi keppni verði árlegur viðburður sem verði ekkert endilega tengdur Kátum dögum, heldur jafnvel miðvikudagskassa eða kvöldvöku.

Haldið var áfram með nýjungar frá því í fyrra, eins og t.d. Manntaflíð og Quidditch-ið og skemmti fólk sér vel, þá sérstaklega í LARP-inu sem var nýtt, þar sem nemendur og kennarar börðust með sverðum. Þetta uppátæki vakti mikla kátínu bæði hjá nemendum og kennurum. Þetta er eitthvað sem koma skal; ýmiskonar „keppnir“ á milli nemenda og kennara.

Kaffihúsið var aftur sett á laggirnar í nemendamötuneytinu og gafst vel

Það er okkar mat að Kátudagarnir 2012 hafi bara tekist vel og allir verið sáttir. Engin stórvægileg mál komu upp þó að aðeins hefði vantað upp á undirbúning og skipulag. Það tókst að leysa allt á staðnum sem kom upp.

Með kærri kveðju,  
Guðmundur Björgvin Gylfason og Kristjana Hrund Bárðardóttir

## Skýrsla Flóafársnefndar

Í nefndinni sátu fyrir hönd kennara: Ægir Pétur Ellertsson, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, og Sigursveinn Már Sigurðsson og fyrir hönd nemenda var íþróttaráðið sem í voru Sara Árnadóttir, Hermann Guðmundsson, Hjörtur Leó Guðjónsson, Janus Daði Smárason, Árni Geir Hilmarsson og Kristian Alexander Rodriguez.

Flóafársnefndin kom saman 31. janúar og undirbjó fyrstu skref, gekk frá auglýsingu eftir liðsstjórum og fyrstu boðum til kennara. Umsóknarfrestur var upprunalega til 10. febrúar, en eins og oft áður þurfti að framlengja. Þegar best lét voru liðin 7 en enduðu að lokum í 5. Nemendalistinn miðaðist við nemendur fædda 1991 og yngri, þótt eldri nemendum væri boðið að vera með líka.

Liðstjórar og lið voru eftirfarandi: OFURHETJURNAR (Sara Sif Kristinsdóttir og Gunnlaugur Bjarnason), HARRY POTTER (Markús Árni Vernharðsson og Daniel Kolbeinsson), TEAM ÖNNUR HÆÐ (Patrekur Emil Jónsson og Guðfinna Rós Gunnarsdóttir), ROKKABILLÝ (Dagur Fannar Magnússon og Orri Daðason) og ÚTIHÁTÍÐ (Sindri Snær Bjarnason og Einar Gestsson)

Flóafársnefndin fundaði með íþróttanefnd 1. febrúar um þeirra þátt. Hún gerði úttekt á fánum og gerði ráðstafanir til að nóg væri af þeim. Liðin notuðu engar húfur, nema tiskulöggurnar sem fengu húfur til að auðkenna sig. Flóafársnefndin fundaði aftur 6. febrúar og skipulagði verkefni kennara og annarra starfsmanna í Fárinu. Gaf frest til 17. febrúar til aðganga frá þrautalýsingum. 15. febrúar funduðu báðar nefndir með liðsstjóraefnum til að fara yfir nafnalista og gátlista. 20. febrúar fundaði Flóafársnefnd og gekk frá niðurröðun þrauta og kennara á stofur, korti og leiðbeiningum fyrir liðsstjóra. 22. febrúar fundaði svo nefndin með íþróttanefnd og gekk frá endanlegri útgáfu nafnalista. Athuga fyrir næsta ár: eitt liðið virtist hafa skráð hóp nemenda í sitt lið án þeirrar vitundar, svo töluvert var um tvískráningar. Á fundi með liðsstjórum 24. febrúar fengu liðsstjórar sín gögn.

Í ár fengu liðin aðgang að myndlistarstofunni allan fimmtudaginn 1. mars undir stjórn Elisabetar Harðardóttur. Hún nefndi í framhaldinu þann möguleika að nemendur fengju þar aðgang tvo daga fyrir Flóafárið. Keppendur nýttu þennan dag mjög vel og það var ótrúlega gaman að sjá hvað hópurinn var virkur og skapandi. Flóafársnefnd og íþróttanefnd gengu frá stofumerkingum þennan dag.

Fárið sjálf fór af stað upp úr kl 9.30 á föstudeginum 2. mars. Eftir hefðbundna upphitun var allt sett í gang og það var líf og fjör í hlutunum. Leikar fóru svo að Harry Potter sigraði að lokum.

Til úrbóta:

Við vorum mjög á bremsunni gagnvart nemendum um fjárútlát, en þrátt fyrir það komst eitt liði í þrengingar varðandi bolakaup.

Dæmendur skemmtiatriða þurfa að vera ákveðnari í skipulagi á flutningi atriða. Bæði að liðin byrji fljótlega eftir að Fárið hefst, eins og að atriðið séu ekki lengri en c.a. 7 mínútur.

Kannski væri ráðlegt að þeir sem fá borðlagningu og skemmtiatriði fái gátlista um hvað þurfi að hafa í huga.

Einn liðsstjórnanna kom með tillögu um að skemmtiatriðin yrðu á sviðinu næst. Enginn í nefndinni man af hverju það hefur ekki verið gert áður en næsta nefnd mætti íhuga það.

Eins og vanalega finnst sumum að ekki nógu margir taki þátt. Við náum aldrei öllum til keppni en það er engin vafi á því að þeir sem tóku þátt voru að þessu af lífi og sál og það finnst okkur mest um vert, og hana nú!

Muna eftir glösum fyrir gosið í pizzuveislunni!